



Dómsmálaráðuneytið
Sölvhólsgrötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík, 22. apríl 2020

Efni: Aðfararheimild rafrænt undirritaðra skuldabréfa. Athugasemd við frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna heimsfaraldurs kórónuveiru (meðferð mála hjá sýslumönnum og dómstólum o.fl.).

Vísað er til frumvarps dómsmálaráðherra til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna heimsfaraldurs kórónuveiru, sem lagt var fyrir Alþingi þann 18. apríl sl. Meðfylgjandi er athugasemd frá Arion banka hf. við frumvarpið eins og það birtist í þingskjali 1250.

Arion banki fagnar því að ráðuneytið skuli bregðast við þeim fordæmalausu aðstæðum sem uppi eru í þjóðfélaginu vegna heimsfaraldurs kórónuveiru með því að liðka fyrir og stuðla að aukinni rafrænni stjórnsýslu. Bankinn styður lögfestingu frumvarpsins heilshugar en telur sig knúinn að koma á framfæri eftirfarandi athugasemd er snýr að því að heimila aðför veðskuldabréfa, skuldabréfa og viðauka þeirra, sem undirrituð eru með fullgildum rafrænum skilríkjum, án undangengins dóms eða réttarsáttar.

Í 7. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga um aðför nr. 90/1989 segir að aðför megi gera til fullnustu kröfum samkvæmt „skuldabréfum fyrir ákveðinni peningaupphæð [...] þar sem undirskrift skuldara er vottuð af lögbókanda, lögmanni, löggiltum fasteignasala eða tveimur vitundarvottum, ef berum orðum er tekið fram í ákvæðum skuldabréfsins að aðför megi gera til fullnustu skuldinni án undangengins dóms eða réttarsáttar.“ Vegna þess tímabundna tekjufalls og lausafjárvanda sem heimsfaraldur kórónaveiru hefur í för með sér liggur fyrir að margir einstaklingar og lögaðilar munu í auknum mæli þurfa á lánveitingum að halda með tilheyrandi útgáfu skuldabréfa. Bankinn tekur hlutverk sitt alvarlega og vill í því skyni leita allra leiða til að hamlu útbreiðslu veirunnar á sama tíma og hann vill styðja viðskiptavinum sínum í gegnum þann ógusjó sem framundan er.

Með hliðsjón m.a. af markmiði frumvarpsins um að tryggja aukna notkun rafrænna lausna til að draga úr neikvæðum áhrifum kórónaveirufaraldursins, viljayfirlýsingar SFF og þáverandi fjármála- og efnahagsráðherra frá 2014 um stórauðna notkun rafrænna skilríkja, 16. gr. nýsamþykkrtra laga nr. 25/2020 og vilja ráðuneytisins til að stuðla að rafrænum þinglýsingum leggur bankinn til að nýrri grein/málgrein verði bætt við X. kafla frumvarpsins.

Lagt er til, að til bráðabirgða hið minnsta, verði heimilt að gera aðför til fullnustu kröfum samkvæmt veðskuldabréfum, skuldabréfum og viðaukum þeirra þar sem undirskrift skuldara, sem og lögbókanda, lögmanns, löggilts fasteignasala eða tveggja vitundarvotta er fengin með fullgildri rafrænni undirskrift án undangengins dóms eða réttarsáttar sbr. 7. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga um aðför. Fyrirséð er að breytingin hafi í för með sér jákvæð áhrif á fylgni við samkomubann og fjarlægðartakmarkanir sbr. auglýsingar nr. 216/2020 og 217/2020.

Virðingarfyllt,


Birna Hlín Káradóttir
Yfirlögfræðingur